

Ed.

589. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum bátavéginn, með hagkvæmum stofnlánnum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
A. Stofnfé sjóðsins er:
1. Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, eins og þær eru nú.
2. Tillag úr rikissjóði, ein milljón króna, samkvæmt lögum nr. 99 11. júní 1938.
B. Tekjur sjóðsins eru:
1. Hundraðsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.
2. Einn fjórði hluti þess útflutningsgjalds, sem rikissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum.
3. Vextir.

3. gr.

Í stað orðanna „1½ milljón“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: 4 milljónum.

4. gr.

Í stað orðsins „fiskafurðir“ í lok 4. gr. laganna komi: sjávarafurðir.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að ⅔ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.

Langsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 15 ár.

6. gr.

Í stað orðanna „35 þúsund“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: 75 þúsund.

7. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:
Vextir af lánnum fiskveiðasjóðs skulu vera 4½% — fjórir og hálfur af hundraði.

8. gr.

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr.“ í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands.